

Föstudaginn 28. október 1949.

Nr. 121/1949. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn

Valgarði Kristinssyni (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Líkamsárás. Áfengislagabrot. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Friðjóni Skarp-
héðinssyni bæjarfógeta.

Pegar til þess er litið, að Erla Steingrímsdóttir lét ákærða
líðast að dveljast fulla 2 klukkutíma drukknum inni í her-
bergi því, er hún hafði náttstað í, enda þótt hún væri fá-
klædd og ætti auðvelt með bæði að kalla til fólk til þess að
koma ákærða burtu úr herberginu eða að hverfa þaðan sjálf,
þá verður ekki talið, að ákærði hafi gerzt brotlegur gegn 202.
gr. né 209. gr. hegningarlagna.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ákvæð-
um hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 600
krónur til hvors.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Valgarður Kristinsson, greiði allan áfrýjunar-
kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda
og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egg-
erts Claessens og Ragnars Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Anna Kristinsdóttir, systir ákærða, lýsir aðkomu sinni í
svefnherbergi Erlu Steingrímsdóttur svo, að hún hafi legið

á gólfinu innan við dyrnar í náttkjól, sem rifinn var og tættur að ofan, og hafi verið augljóst, að töluvert var búið að ganga á í herberginu. Ákærði stóð hjá Erlu og hélt í aðra öxl hennar. Erla hafi verið greinilega hrædd og í æstu skapi, enda hafi hún sagt við vitnið: „Elsku frænka, hjálpaðu mér.“ Tjáist vitnið þá hafa stjakað ákærða, er vildi ekki sleppa Erlu, frá og leitt Erlu burt. Vitnið kveður Erlu hafa verið svo æsta í skapi og miður sín á eftir, að varla hafi verið hægt að ræða við hana, og kveðst vitnið telja, að það hafi stafað af því, að hún hafi orðið ofsalega hrædd. Vætti Önnu er mjög skilríkt og stutt af vætti þeirra Rósu Þorvaldsdóttur og Elí Olsens, svo langt sem frásögn þeirra nær, og ekki verður séð, að önnur gögn málsins hrindi vætti fólks þessa. Hegðun ákærða og framkoma gagnvart Erlu verður ekki skilin á annan hátt en þann, að hann hafi ætlað sér að eiga kynferðismök við hana, en varhugavert þykir samt að telja þá staðhæfingu hennar sanna, að hann hafi gert tilraun til að nauðga henni. Hins vegar styðja öll atvik þá frásögn Erlu, að ákærði hafi tekið að misþyrma henni, berja hana og taka hana kverkataki, er hún vildi ekki láta að vilja hans. Þegar á þetta er litið svo og á það, að ákærði draslaði henni um gólfið í náttkjólum, tætti náttkjólinn og veitti henni ákomu með framangreindum hætti, og þess er gætt, að hún kallaði á hjálp, er ákærði tók að ganga mjög nærri henni og hún kom honum ekki af höndum sér með fortöllum, þá verður að telja sannað, að hann hafi bæði veitt henni líkamlega áverka, er varða við 217. gr. hegningarlaganna, svo og, að hann hafi látið gagnvart henni stjórnast af kynhneigð sinni, þannig að varði við 202. gr. hegningarlaganna, en það refsíákvæði tekur yfir lostugar athafnir, er karlmaður fremur gegn konu að óvilja hennar og sérákvæði ná ekki yfir, enda á það og ekki að svipta stúlku þá, er í máli þessu greinir, réttarvernd, að hún kallaði ekki á hjálp, fyrr en í nauðir rak, þar sem hún sýndi í verki, að hún vildi verja sig fyrir áleitni ákærða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað í hér-
aði eiga að vera óröskuð.

Ákærði á samkvæmt framanrituðu að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorðið ætti því að hljóða svo:

Ákærði, Valgarður Kristinsson, sæti þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Eggerts Claessens og Ragnars Jónssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akureyrar 15. marz 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. f. m., er höfðað með stefnu, út gefinni sama dag, gegn ákærða í máli þessu, Valgarði Kristinssyni bónda, til heimilis að Brautarhóli við Akureyri, af réttvísinnar hálfu fyrir brot á XXII., samanber III. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga, og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á áfengislögunum, nr. 33 9. janúar 1935. Auk refsikröfu ákæruvaldsins hefur Erla Steingrimsdóttir gert skaðabótakröfu í máli þessu, að upphæð krónur 855.00.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Grund í Árskógshreppi 11. september árið 1912. Hann hefur sætt þessum refsingum:

- 1937 19/2 Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 51/1928.
- 1939 8/1 25 króna sekt í Reykjavík fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
- 1945 20/12 Aðvörun fyrir áfengislagabrot.
- 1946 Áminning fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 21/2 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 10/10 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 3/11 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Laugardaginn 19. júní sl. eftir hádegið kom Erla Steingrimsdóttir frá Grimsey til iögreglunnar hér og kærði ákærða í máli þessu, Valgarð Kristinsson, fyrir líkamsárás, sem hún hafði orðið fyrir af hans hálfu þá um nóttina.

Aðdraganda og atvikum málsins hefur nefnd Erla Steingrimsdóttir lýst þannig: Fimmtudaginn 18. júní sl. var hún stödd hér í bænum sem gestur, og hittu ákærði hana þá niðri í miðbæ, og var hann í bifreið.

Bauð ákærði Erlu þá að vera með í bifreið til Húsavíkur um kvöldið, og tók vitnið fram í því sambandi, að ákærði og móðir vitnisins væru systkinabörn. Vitnið fór þar næst með ákærða til systur hans í Hafnarstræti 11 hér í bæ, og eftir það fór hún aftur með honum niður í bæ; var ákærði þá ódrukkinn.

Á 19. tímanum um kvöldið lögðu þau svo af stað í bifreiðinni A—37 til Húsavíkur, og hafði Erla Steingrímisdóttir með sér lítinn dreng, sem hún á, og auk þess komu með í bifreiðinni stúlka að nafni Karólína Petersen Bye og mágur ákærða, Eli Olsen, bæði til heimilis í Hafnarstræti 11 hér í bæ. Í austurferðinni kvað vitnið, að þau hefðu komið við í Vaglaskógi. Um kl. 23 um kvöldið, sagði hún, að þau hefðu lagt aftur af stað frá Húsavík, og varð barn vitnisins þar eftir. Vitnið sagði, að Valgarður hefði verið með áfengi í ferðinni og hefði hann gerzt ölvaður á heimleiðinni. Þannig hafði hann á Fosshóli heimtað kaffi handa fólkinu í bifreiðinni með stóryrðum, og var þeim veitt þar kaffi. Þegar til Akureyrar kom, fóru allir farþegarnir úr bifreiðinni inn í Hafnarstræti 11, og áleit vitnið, að klukkan hefði þá verið 3 f. h. Eftir að þau voru komin inn í nefnt hús, bauð áðurnefnd Karólína vitninu að sofa í íbúð sinni í nefndu húsi og vísaði henni til sængur einni í herbergi, en sjálf svaf Karólína í öðru herbergi skammt frá á sama lofti. Þá hefur vitnið skýrt frá eftirfarandi: Þegar Karólína var farin út úr herberginu og vitnið háttað, kom ákærði inn í herbergið og lokaði hurðinni á eftir sér með smekklás. Var ákærði þá mjög æstur og því líkast sem brjáláður maður væri af reiði, og tók að bera það á vitnið, að það hefði borið á hann þjófnað fyrir tveimur árum, og sagði vitnið í því sambandi, að það hefði einu sinni grunað hann um þjófnað á 100 krónum. Eftir að ákærði hafði þvælt um þjófnaðaráburðinn töluverða stund, segir vitnið, að hann hafi slegið sig í andlitið og reynt því næst að fara upp í rúmið til hennar, en hún hafi getað hrakið hann ofan úr rúminu aftur. Þá hefur stúlkan eindregið haldið því fram, að ákærði hafi ætlað að nauðga henni í þetta sinn, því að hann hafi lagzt upp í rúmið hjá henni og tekið út getnaðarlim sinn og jafnframt reynt til að slíta niður um hana buxurnar, en þá hafi hún komizt upp úr rúminu. Stúlkan kvaðst hafa reynt til þess að kalla á hjálp, en þá hafi ákærði ýmist tekið fyrir vit hennar eða kverkar, og kveður hún, að af þessu hafi orðið sviptingar með þeim, svo að náttkjöll hennar og nærföt hafi rifnað. Einnig segir hún, að ákærði hafi misþyrmt sér, klipið sig og barið. Stúlkan hefur einnig sagt, að ákærði hafi margendurtekið tilraunir sínar til þess að komast upp í rúmið til hennar, en hún hafi jafnan hrakið hann frá sér, en þess á milli hafi hún reynt að sefa hann. Viðureign þeirra lauk þannig, að stúlkan fór að hljóða og kalla á hjálp, og kom þá fyrst Karólína Petersen og því næst Anna, systir ákærða, og Rósa Þorsteinsdóttir, en þær voru í suðurenda hússins, og einnig kom þar Eli Olsen, er að framan er nefndur, en hann er maður nefndrar Önnu. En þegar stúlkan fór að hljóða og kalla á hjálp, segir hún, að ákærði hafi lagt alvarlega hendur á hana og rifið utan af henni fötin, og virðist svo sem

það hafi verið þá fyrst, sem ákærði hafi veitt henni áverka. Við komu fólksins í herbergið slapp stúlkan úr höndum ákærða, og var hún síðan falin þar til klukkan um 10 fyrir hádegi í litlu herbergi eða kompu í suðurenda hússins. Einnig segir hún, að ákærði hafi reynt að berja sig, eftir að hún var komin í suðurenda hússins, en að mestu misst marks. Stúlkan heldur, að klukkan hafi verið rúmlega sex um morguninn, þegar hún komst úr herberginu frá ákærða. Hún telur, að ákærði hafi verið um tvær klukkustundir í herberginu hjá henni. Hún segir, að ákærði hafi verið nokkuð drukkinn, er þetta gerðist, en hefur eindregið neitað því, að hann hafi neytt áfengis inni hjá henni, svo sem ákærði hefur sjálfur borið, en sjálf kveðst stúlkan ekki hafa verið undir neinum áhrifum áfengis.

Stúlkan kveðst hafa haft miklar kvalir í vinstri öxlinni eftir árásina, og sagði hún, þegar hún mætti í rétti í Grímsey 12. júlí sl., að hún hefði enn þá verk í öxlinni og gæti ekkert gert nema léttustu verk. Hún kveðst einnig fyrst á eftir hafa haft eymсли eftir kverkatakið, sem ákærði tók á henni.

Sjálfur hefur ákærði skýrt þannig frá málavöxtum: Hann hefur lýst aðdraganda að ferðinni til Húsavíkur í flestum atriðum á svipaðan hátt og Erla Steingrimsdóttir hefur gert. Hann hefur þó jafnan haldið því fram, að Erla hafi að fyrra bragði talað um, að hann færi með henni til Húsavíkur í umrætt skipti, og að hún hafi tekið það fram, að hún þyrfti að koma þangað litlum dreng, sem hún á. Ákærði segir, að þeir Elí Olsen hafi haft sína áfengisflöskuna hvor meðferðis í ferðinni. Þá segir hann, að hann og Elí Olsen hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar til Húsavíkur kom, og hafi þeir haldið áfram að drekka eftir það.

Ekki kveðst ákærði neitt vita til þess, að stúlkurnar, sem með þeim voru, neyttu áfengis. Ákærði kannast við að hafa komið við á Fosshól, en kveðst ekki muna, í hvorri ferðinni það var, og hefur sagt, að hann hafi þá verið orðinn töluvert mikið drukkinn.

Þegar til Akureyrar kom, segir ákærði, að allir farþegarnir hafi farið inn í Hafnarstræti 11, og kveðst hann þá hafa átt eitthvað eftir af áfengi og verið með það með sér. Framburður ákærða um það, er fram fór í Hafnarstræti 11 margnefnda nótt, hefur verið mjög óskýr og ósamkvæmur framburði vitna. Hann hefur þannig sagt, að Erla Steingrimsdóttir hafi strax farið í herbergið, sem Karólína Petersen lánaði henni, þegar þau komu, og kveðst hafa það eftir systurum sínum, að hann hafi einnig farið þangað þá strax, en sjálfur kveðst hann ekki muna þetta glögg. Síðar í réttarhaldi sagði hann, að hann hefði haft þetta eftir Karólínu Petersen. Þá talar ákærði um það, að hann hafi skammað Erlu Steingrimsdóttur, eftir að hann var kominn inn í herbergið til hennar, fyrir það, að hún hefði eitt sinn borið á hann þjófnað, og kveður hann það hafa verið algerlega tilefnislaust, og hefði hann algerlega neitað framburði Erlu þar um. Einnig segir hann, að stúlkan hafi talað um, hvort þau gætu eigi sætt út af þessu síðastnefnda atriði. Þá kveðst hann minnst þess, að Elí Olsen og systir sín hefðu komið inn í her-

bergið, og kveðst hann þá hafa verið að standa upp af legubekknunum, sem Erla svaf á. Kveðst hann þá, það er, þegar fólkið var komið að, hafa þrifið til stúlkunnar með annarri hendi og tekið taki í handlegg hennar eða öxl. Við átök þessi kveður ákærði náttkjól stúlkunnar hafa rifnað. Ákærði hefur sagt, að hann muni ekki eftir, að hann hafi tekið á stúlkunni annað en þetta, en ekki hefur hann gefið neina skýringu á því, hvers vegna fólkið kom inn í herbergið um nóttina til þess að gæta að, hvað þar væri að ske.

Ákærði hefur stöðugt þrætt fyrir að hafa reynt til að nauðga stúlkunni, og staðhæft, að framburður hennar þar um væri með öllu ósannur, og fullyrt, að honum hafi verið það í lófa lagið, hefði það verið ætlun hans. Hann kveðst og hafa verið í öllum fötum, þegar fólkið kom að. Nánar um viðureign þeirra Erlu í herberginu þóttist ákærði ekki muna. Þegar ákærða var kynnt um meiðsli stúlkunnar, eins og þeim er lýst í læknisvottorði, sem fram hefur verið lagt í málinu og síðar verður lýst, sagði hann, að verið gæti, að þau stöfuðu af átökum hans á stúlkunni.

Ákærði hefur ekki skýrt greinilega frá því, hversu lengi hann hafi verið í herberginu hjá stúlkunni. Hefur hann talið líklegt, að klukkan hafi verið 3—4, þegar þau komu í Hafnarstræti 11 um nóttina. Enn fremur hefur hann sagt, að hann minni, að klukkan hafi verið að ganga átta um morguninn, þegar hann fór úr herbergi Erlu, og segir hann, að verið geti, að hann hafi verið allan þann tíma í herberginu. Síðargreinda tímamarkið kveðst hann þó eingöngu miða við það, að Karólína Petersen hafi farið að húa sig til vinnu úr þessu. Þá hefur ákærði haldið því fram, gagnstætt framburði Erlu, að hann hafi bæði neytt áfengis, sem hann var með, í herberginu hjá henni og að hann hafi sofnað þar, meðan hún var þar. Einnig hefur ákærði viðurkennt framburð Karólinu Petersen, eins og síðar verður að vikið, að hún hafi komið inn í herbergið til hans og Erlu um nóttina einsömul og beðið hann að koma til sín.

Eftir viðureign þeirra Erlu kveðst ákærði hafa farið inn í íbúð Önnu, systur sinnar, og Elí Olsens í sama húsi og dvalizt þar um stund og drukkið kaffi þar, og kveðst hann vita til þess, að Erla hafi farið út úr húsinu, meðan hann dvaldist þar. Ákærði segir, að enginn smekklás hafi verið á herbergi því, er Erla var í, og kveðst hann hafa haft þá hugmynd, að lykillinn að herberginu væri hjá Karólinu. Í síðasta réttarhaldi, sem ákærði mætti í í máli þessu, hélt hann því fram, að hann hefði verið svo mikið ölvaður, að hann myndi illa, hvað gerzt hefði margnefnda nótt.

Auk Erlu Steingrímsdóttur, kæranda þessa máls, hafa þessi vitni verið leidd í málinu: Líney Kristinsdóttir, Karólína Petersen, Rósa Þorvaldsdóttir, Elí Olsen, Pálmi Karlsson og Anna Kristinsdóttir.

Elí Olsen, 27 ára að aldri, hefur borið eftirfarandi: Hann var með ákærða í ferðinni til Húsavíkur og hefur lýst því á svipaðan hátt og ákærði. Hann hefur einnig sagt, að þeir ákærði og hann sjálfur hafi haft sína áfengisflöskuna hvor meðferðis. Þegar heim kom um nóttina,

segir vitnið, að eitthvað meira en helmingur hafi verið eftir í síðari flöskunni og hafi ákærði haft hana undir höndum og haft hana í brjóstvasanum á jakka sínum.

Þegar heim kom, kveðst vitnið hafa verið mjög ölvað og segir, að ákærði hafi einnig verið ölvaður. Eftir að allt fólkið, sem að austan kom, hafði drukkið kaffi í íbúð vitnisins, segir vitnið, að ákærði hafi farið í íbúð Karólínu Petersen. Um morguninn kl. 6.30 var vitnið vakið í íbúð sinni og beðið að koma í hinn enda hússins til hjálpar, og gerði hann það. Þegar vitnið kom í herbergið, sem Erla Steingrímsdóttir var í, stóð hún þar á gólfinu í náttkjól, og var hann mjög rifinn á annarri öxlinni og stúlkan mjög æst í skapi. Vitnið sá, að rispur voru á öðrum handlegg stúlkunnar og rauð fingraför framan á hálsinum og til hliðar. Ákærði stóð þá hjá stúlkunni og hélt í annan handlegg hennar, og var hann einnig æstur í skapi. Þegar vitnið kom að, sleppti ákærði strax tókum á stúlkunni, og fór hún þá með vitninu yfir í íbúð þess. Ekki heyrði vitni þetta Erlu Steingrímsdóttur neitt lýsa átökum þeirra ákærða, áður en þau vitnið og konurnar komu að þeim.

Vitnið segir, að Erla Steingrímsdóttir hafi ekki smakkað áfengi á austurleiðinni, en á heimleiðinni hafi hún smakkað það lítils háttar, en ekki hafi hún verið undir áhrifum, svo að séð yrði.

Vitnið Anna Kristinsdóttir, 32 ára að aldri, sem kom ásamt Rósu Þorvaldsdóttur í herbergið til Erlu Steingrímsdóttur um líkt leyti og Eli Olsen, maður hennar, hefur borið eftirfarandi: Þegar fólk það, er að framan greinir, kom frá Húsavík um nóttina, — hún vissi ekki, hvað klukkan hafði verið, — kom það allt til vitnisins og drakk þar kaffi. Segir vitnið, að það hafi þá allt verið meira eða minna drukkið nema Erla Steingrímsdóttir.

Um ákærða tók vitnið fram, að hann hefði verið töluvert mikið drukkin, en þó ekki meira en svo, að hann hefði talað af fullu viti. Vitnið kveðst hafa viljað láta Erlu Steingrímsdóttur sofa hjá þeim, en Karólína og ákærði hefðu viljað, að hún svæfi hjá þeim, og kvaðst vitnið ekkert hafa fylgzt með þeim, eftir að þau fóru öll þrjú yfir í norðurendann. Ekki vissi vitnið, hvað klukkan var þá. Eftir að vitnið var sofnað, vaknaði það við einhver hljóð úr íbúðinni í norðurendanum og fór fram í eldhúsið, en í fyrstu hélt vitnið, að þetta væri frá Karólínu Petersen, en varð þess svo vör, að Karólína kom út úr sínu herbergi og fór inn í stofuna, þar sem Erla var, og fór vitnið þá strax á eftir henni. Þegar vitnið kom í dyrnar, lá Erla Steingrímsdóttir rétt fyrir innan dyrnar, klædd í náttkjól, og var hann rifinn og tættur að ofan. Hjá stúlkunni stóð ákærði og hélt í aðra öxl hennar. Önnur átök, segir vitnið, að ekki hafi þá verið á milli þeirra, en segir, að augljóst hafi verið, að töluvert hafi verið búið að ganga á í herberginu, því að stólarnir hafi legið hér og þar um gólfið. Þegar vitnið kom í dyrnar, sagði Erla við það, hrædd og æst í skapi: „Elsku frænka mín, hjálpaðu mér.“ Vitnið tók þá í stúlkuna til að leiða hana út úr herberginu, en ákærði sleppti ekki takinu af stúlkunni, og stjakaði vitnið þá við honum, og sleppti hann þá. Þegar

Erla Steingrímsdóttir var komin inn í íbúð vitnisins, ætlaði ákærði að ryðjast inn til hennar, en vitnið kveðst þá hafa staðið fyrir honum til að varna honum inngöngu. Eftir þetta, segir vitnið, að ákærði hafi sofnað í herbergi því, sem Erla Steingrímsdóttir átti að sofa í. Eftir viðureign ákærða og Erlu segist vitnið hafa séð marbletti á hálsi stúlkunnar öðrum megin og að stúlkan hafi haft svo mikla tilkenningu í annarri öxlinni, að hún hafi orðið að klæða hana.

Einnig segir vitnið, að Erla hafi verið svo æst, að naumast hafi verið hægt að tala við hana, og hélt vitnið, að það hefði verið af því, að hún hefði orðið ofboðslega hrædd. Þá skýrir hún frá því, að stúlkan hafi sagt, að ákærði hefði ráðizt á hana, en hún hefði ekki lýst nánar átökum þeirra né neitt minnzt á það, að ákærði hefði reynt til að nauðga henni. Vitnið álitur, að ákærði hafi verið meira drukkinn, þegar það gerðist, er síðast frá greinir, en þegar hann kom heim um nóttina.

Vitnið Rósa Þorvaldsdóttir, 31 árs að aldri, hefur borið eftirfarandi: Vitnið var í íbúð síðastgreinds vitnis. Hefur vitni þetta lýst aðdraganda þess, að þær fóru yfir í herbergið, sem Erla Steingrímsdóttir var í, og aðkomunni þar mjög á sama hátt og Anna Kristinsdóttir hefur gert. Hún segir einnig, að ákærði hafi ætlað að ryðjast inn til Erlu, eftir að hún var komin inn í íbúðina á suðurloftinu, en vitnið kveðst hafa hindrað það ásamt Önnu Kristinsdóttur. Eftir viðureign þeirra ákærða sá vitnið marbletti á öðrum handlegg Erlu Steingrímsdóttur, og segir, að hún hafi einnig kveinkað sér í öxlinni sömum megin. Einnig sá vitnið allmikinn roða á hálsi stúlkunnar, og sagði stúlkan, svo að vitnið heyrði, að ákærði hefði tekið um handlegginn á henni, og einnig, að hann hefði tekið um hálsinn á henni. Ekki heyrði vitnið, að stúlkan nefndi það, að ákærði hefði ráðizt upp í rúmið til hennar. Ekki heyrði vitnið, að stúlkan talaði um, hvers vegna viðureignin hefði byrjað, en það heyrði ákærða tala um, að stúlkan hefði borið upp á hann þjófnað. Ekki sá vitnið áhrif áfengis á stúlkunni, en segir, að ákærði hafi verið mjög ölv-aður í þetta sinn.

Vitnið Líney Kristinsdóttir, 28 ára að aldri, systir ákærða, hefur borið eftirfarandi: Hún var sofnuð, þegar fólkið kom heim um nóttina frá Húsavík, og fylgdist ekkert með, hvað þá gerðist. Um nóttina heyrði vitnið hljóð úr norðurendanum eins og hinar konurnar í sömu íbúð og að framan er frá greint, en ekki fór vitnið með hinum konunum yfir í herbergið til Erlu. Þá skýrir vitnið frá því, að Erla Steingrímsdóttir hafi komið yfir í íbúðina, þar sem vitnið var, í æstu skapi og hafi náttkjóll hennar verið rifinn í tætlur að ofan. Sagði Erla vitninu frá því, að ákærði hefði ráðizt inn til hennar og ráðizt á hana, þegar hún var háttuð. Sagði stúlkan, að viðureign þeirra ákærða hefði byrjað með orðasennu út af einhverju gömlu deilumáli út úr peningum. Einnig segir vitnið, að Erla hafi sagt, að ákærði hefði klippt hana í handlegginn og háreytt hana og tekið fyrir kverkar henni, er hún ætlaði að hljóða. Ekki heyrði vitnið, að Erla talaði um, að ákærði hefði leitað eftir ástum við hana eða farið upp í rúmið hjá henni. Vitnið segir, að rispur og marblettir

hafi verið á öðrum handlegg stúlkunnar, hálsinn hafi verið rauður að framan og hún hafi kvartað um verk í síðunni öðrum megin. Segir vitnið, að klukkan hafi verið um sex eða að byrja að ganga sjö, þegar þetta gerðist. Þá skýrir vitnið frá því, að Erla hafi sagt því, að hún hefði ætlað með áætlanarbíl til Húsavíkur kl. 18 þá daginn áður, en Valgarður hefði boðið henni í sérstakri bifreið. Þá tekur vitnið það fram, að það hafi séð Karólinu Petersen Bye um nóttina og því hafi þá sýnt, að hún hefði neytt áfengis.

Vitnið Karólina Petersen Bye, 28 ára að aldri, hefur borið eftirfarandi: Hún bjó í norðurenda hússins Hafnarstræti 11 og hafði þar tvö herbergi, að því er vitað er. Hún hefur viðurkennt að hafa farið með ákærða og fólki því, er að framan greinir, til Húsavíkur 18. júní sl. Allt fólkið var ódrukið, þegar lagt var af stað til Húsavíkur. Ekki kveðst vitnið hafa vitað um nema eina áfengisflösku í ferðinni og segir, að þeir ákærði og Elí Olsen hafi verið orðnir nokkuð ölvaðir, þegar lagt var af stað frá Húsavík. Vitnið hefur stöðugt staðhæft það, þveröfugt við vitnisburð margra vitna, að hún hafi ekki neytt áfengis þessa nótt eða verið ölvuð, og ekki kveðst hún heldur hafa séð Erlu Steingrímsdóttur gera það. Þá hefur vitnið skýrt frá því, að þegar hún var komin í Hafnarstræti 11 um nóttina, hafi ákærði verið dálítið ölvaður, en þó ekki mikið. Um kl. 3.30 um nóttina vísaði vitnið Erlu Steingrímsdóttur til herbergis, þar sem hún hafði áður búið henni rúm. Fór vitnið því næst í sitt herbergi, en litið búr er á milli herbergjanna. Eftir svo sem 5 mínútur barði ákærði að dyrum hjá vitninu og spurði, hvort hann mætti ganga inn til Erlu Steingrímsdóttur, því að hann þyrfti að tala við hana. Leyfði vitnið það og kveðst ekkert hafa séð athugavert við það, þó að ákærði færi inn til stúlkunnar. Fór vitnið því næst að sofa. Nokkru síðar um nóttina, á að gizka kl. 5, vaknaði vitnið við það, að ákærði opnaði hurðina að herbergi þess og kallaði til þess, og gekk vitnið þá yfir í herbergið til Erlu. Hafi hún þá staðið við borð í herberginu, en ákærði hafi staðið við glugga. Talaði ákærði þá um, að stúlkan hefði verið að þjófkenna sig, og virtist vitninu það vera sem venjulegt drykkjuraus. Erla virtist vera æst og reið, en ekki kvaðst vitnið hafa séð, að annað hefði farið aflaga í herberginu en að vatnsglas, sem staðið hefði á borði við legubekkinn, hafði fallið á gólf. Ekki kveðst vitnið þá hafa séð ákærða leggja hendur á stúlkuna og fór aftur til herbergis síns og fór að sofa. Nokkru síðar vaknaði vitnið við það, að það heyrði Erlu Steingrímsdóttur hljóða, og hafi það þá strax farið til herbergis hennar. Kveðst vitnið hafa orðið að ýta allfast á hurðina til þess að opna hana, og hafi Erla setið upp við hurðina að innanverðu, þegar vitnið kom inn. Erla var í æstu skapi og gröm ákærða og talaði um, að ákærði hefði verið að berja hana. Þá sagði hún, að ákærði hefði staðið úti við gluggann. Áður hafði vitnið sagt í rétti, að stúlkan hefði staðið rétt innan við dyrnar, en ákærði hefði staðið dálítið frá, nálægt glugganum.

Vitnið sá, að náttkjóll stúlkunnar var rifinn á öxlinni vinstra megin,

en vitnið neitar algerlega að hafa séð nokkra áverka á stúlkunni. Ekki kannast vitnið við það, að Erla hafi beðið um nokkra hjálp í þessu sambandi. Þegar vitnið var að opna herbergishurðina, segir það, að fólkið af suðurloftinu hafi komið að, og hafi stúlkan strax farið með því á suðurloftið. Einnig segir vitnið, að ákærði hafi farið yfir á suðurloftið og því næst út án þess að tala við vitnið. Vitnið hefur stöðugt neitað að hafa séð ákærða og Erlu í stimpingum, þegar hún kom inn í herbergi hennar í fyrra sinnið. Vitnið segir, að rúmfötin hafi ekki borið þess neinn vott, að átök eða stimpingar hefðu orðið á legubekknunum, og hafi sængin aðeins verið lögð upp að veggnum á venjulegan hátt. Hins vegar segir vitnið, að stóll hafi fallið um koll í herberginu og náttborðið færzt frá legubekknunum. Vitnið kveðst hafa átt að fara að vinna kl. 8 um morguninn, og hafi það þá farið að tygja sig til þess skömmu eftir framangreindan atburð. Ekki vissi vitni þetta til, að ákærði væri með áfengi í margnefndu herbergi. Vitnið hefur og sagt, að umrætt herbergi hafi verið lokað með venjulegri skrá, en ekki með smekklás, og minnir, að lykkillinn hafi verið í skránni að innan í þetta sinn.

Loks hefur mætt sem vitni í máli þessu Pálmi Karlsson, 26 ára að aldri. Hann var bifreiðarstjóri í bifreið þeirri, sem ákærði og samferðafólk hans fór í til Húsavíkur. Hefur vitni þessu í flestum höfuðatriðum borið saman við framburð ákærða um ferðina. Vitnið vissi um tvær áfengisflöskur í ferðinni, og hafi þau ákærði, Eli Olsen og Karólína drukkið úr fyrri flöskunni á austurleið, en síðari flaskan hafi verið tekin upp á Húsavík. Vitnið segir, að fólkið hafi ekki verið orðið mjög drukkið, er til Húsavíkur kom. Hins vegar segir vitnið, að þrjár framan- greindar persónur hafi orðið allmjög ölvaðar á heimleiðinni.

Á Fljótsheiði varð Karólína veik af áfenginu, og þegar að Fosshóli kom, vakti ákærði þar upp. Hafði framkoma ákærða verið ósvífin mjög gagnvart frammistöðustúlkunum, og jós ákærði stóryrðum yfir vitnið, þegar það ávitaði hann fyrir þessa framkomu hans. Vitnið skilaði fólkinu af sér við Hafnarstræti 11 og vissi ekkert um gerðir þess eftir það þessa nótt.

Kærandi þessa máls, Erla Steingrímsdóttir, fór til læknis strax sama daginn og hún varð fyrir árás þeirri, er að framan geinir. Hefur vottorð læknisins verið lagt fram í máli þessu, og hefur hann lýst áverkum hennar þannig:

„Á upphandlegg vinstri smá-marblettir utan og innan á handleggnum eins og eftir klip.

Axlarliður var örlítið bólginn og mjög sár við allar hreyfingar, hafði sýnilega orðið fyrir miklum vinding. Röntgenmynd, sem tekin var á Akureyrarspítala, sýndi þó ekki brot. Sjúklingurinn ber hönd í fatla og má ekkert á hana reyna ca. 2—3 vikur.“

Frekari sönnunargögn en nú hafa verið rakin liggja ekki fyrir í máli þessu.

Eins og nú hefur verið rakið, eru þau ákærði og Erla Steingrímsdóttir að mestu ein til frásagnar um það, sem fram fór í herberginu milli

þeirra tilgreinda nótt. Varðandi ákærana fyrir brot á XXII. kafla samanber III. kafla almennra hegningarlaga, er ekkert um það upplýst nema frásögn stúlkunnar. Ekkert vitna þeirra, sem stúlkann hafði tal af á eftir um árás ákærða, minnst þess, að hún hafi minnst á þetta atriði, enda hefur stúlkann ekki heldur borið um það. Ekki er neitt annað fram komið, sem bendi til, að ákærði hafi reynt til að nauðga stúlkunni, og sjálfur hefur hann jafnan neitað að hafa gert nokkrar tilraunir í þá átt. Það hefur því ekki tekizt að sanna brot ákærða að þessu leyti, og er hann því sýknaður, að því er tekur til þessa liðar ákærunnar.

Það má hins vegar telja sannað, að ákærði hafi farið inn í herbergi Erlu Steingrímsdóttur, þegar hún var háttuð, dvalizt þar gegn vilja hennar í 2—3 klukkustundir, eftir því sem næst verður komizt, og valdið henni meiðslum þeim, er í læknisvottorðinu getur, og þjáningum þeim, er Erla Steingrímsdóttir hefur frá greint, og rifið náttkjólinn, sem hún var í. Varðar ákærða atferli þetta refsingu samkv. 217. grein almennra hegningarlaga. Einnig hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. grein laga nr. 33 9. janúar 1935 samanber 38. grein. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Í máli þessu hefur Erla Steingrímsdóttir gert kröfu um 55 krónur fyrir læknishjálp og röntgenmynd og 800 krónur í bætur að öðru leyti. Þykja kröfur þessar nægilega rökstuddar, enda viðurkenndar af ákærða, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Ákærði greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða kann af máli þessu.

Bókaðar hafa verið ástæður til þess, að nokkur dráttur hefur orðið á rannsókn þessa máls.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Ákærði, Valgarður Kristinsson, sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði Erlu Steingrímsdóttur kr. 855.00 í skaðabætur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa. Hann greiði og allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.